

**Fundargerð 282. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. september 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún 2 blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir,
Sveinn Ragnarsson og Eygló Kristjánsdóttir fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 14. ágúst 2008. - Samþykkt
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 8. september 2008. - Samþykkt
3. Fundargerð fjallskilanefndar 21. ágúst 2008. - 1. og 2. liður samþykktir, vegna 3.liðar fundargerðar er skorað á Matvælastofnun að taka ákvörðun sem allra fyrst um hvaða varnargirðingum á að viðhalda á Vestfjörðum.
4. Fundargerð fjallskilanefndar 7. september 2008. - Samþykkt

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags. 13. ágúst 2008 frá Strandabyggð um að kanna vilja til að koma upp sameiginlegri ráðgjafarnefnd um sauðfjárveikivarnir í sveitarfélögunum Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Strandabyggð. - Samþykkt að ræða við Einar Hafliðason, Gufudal og Eirík Snæbjörnsson, Stað um að sitja í nefndinni.
2. Samningar um skólaakstur við Arnór Grímsson og Þráinn Hjálmarsson. - Samningar samþykktir, oddvita falið að ganga frá samningi um skólaakstur á leiðinni Staður – Reykhólar – Staður.
3. Bréf dags. 21. ágúst 2008 frá LAUFI, styrktarfélagi flogaveikra með beiðni um styrk að upphæð kr. 10.000 til verkefnisins “Við viljum sjást” en það er til að auka öryggi flogaveikra í sundi. - Samþykkt
4. Bréf dags. 19. ágúst 2008 frá Sólstöfum Vestfjarða (systursamtök Stígamóta) með ósk um samstarf og fjárstuðning við Sólstaði Vestfjarða. - Samþykkt
5. Bréf dags. 4. september 2008 frá Pálinu Straumberg Pálsdóttur varðandi hugsanlega lagfæringu á vegaslóða í Þorgeirsdal. - Sveini falið að ræða við Pálinu um vegslóðann.
6. Tölvupóstur dags. 3. sept. 2008 frá Landbúnaðarráðuneytinu með beiðni um samþykki á landamerkjum Barma vegan sölu jarðarinnar. - Samþykkt er að óska eftir við Búnaðarsamtök Vesturlands að landamerki jarðarinnar Barma verði hnitsett.
7. Bréf dags. 29. ágúst 2008 frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum um ný lög um almannavarnir og beiðni til Reykhólahrepps að endurskoða almannavarnarnefnd hreppsins. - Samþykkt að skipa sýslumanninn á Patreksfirði í almannavarnarnefnd Reykhólahrepps.
8. Bréf dags. 28. ágúst 2008 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með tillögum að stefnumótun Sambandsins í málefnum innflytjenda og beiðni um umsögn um tillögurnar. - Samþykkt að veita ekki umsögn.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 27. ágúst 2008 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga með yfirlýsingu og bókun stjórnar sambandsins 22. ágúst 2008 um fjármálaleg samskipti og verkaskiptamál. - Málið kynnt.
2. Bréf dags. 18. ágúst 2008 frá Menntamálaráðuneytinu varðandi námsgagnasjóð. - Málið kynnt.

3. Bréf dags. 1. september 2008 með kveðjum Þórðar Skúlasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. - Hreppsnefnd þakkar Þórði vel unnin störf sem framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.
4. Bréf dags. 1. september 2008 frá Menntamálaráðuneytinu með tilkynningu um úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. - Málið kynnt.
5. Bréf dags. 22. ágúst 2008 frá Siglingastofnun varðandi styrk til lendingabóta kr. 1.500.000 til bryggjunnar í Króksfjarðarnesi. - Málið kynnt.
6. Afrit fundargerðar jarðanefndar A-Barð. 11. nóvember 1998 varðandi sölu jarðarinnar Seljanes og hluta úr Reykhólum ásamt fylgigögnum - Hreppsnefnd óskar eftir því við Landbúnaðarráðuneytið að þeir veiti upplýsingar um hvort tún úr landi Reykhóla hafi verið seld Magnúsi Jónssyni þegar jörðin Seljanes var seld 15.mars 2000.

Önnur mál:

- a) Tölvupóstur frá Tónlistarskóla Dalasýslu - Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og vill endilega taka upp viðræður jafnt við Tónlistarskólann um skipulag kennslu og við Dalabyggð um kostnað. Oddvita og formanni mennta- og menningarmálanefndar falið að sjá um málið.
- b) Tölvupóstur frá foreldrum barna sem bíða leikskólavistar - Ákveðið að hafa samband við Fjarhitun um að koma með tillögur um betri nýtingu skólahúsnæðis með tilliti til leikskóla, grunnskóla, bókasafns og þeirrar starfssemi sem fram þarf að fara í húsnæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:10.

Gústaf J. Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Eygló Kristjánsdóttir (sign)